



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1378*  
*komudagur. S.3. 2007*

Iðnaðarnefnd Alþingis  
 Austurstræti 8-10  
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. mars 2007  
 SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál**  
*Tilv: 2007020018*

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis dags. 21. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Því miður var ekki unnt, á þeim stutta tíma sem veittur var, að fara vandlega í saumana á frumvarpinu, og ekki gafst kostur á að leggja það fyrir stjórn samtakanna. Engu að síður verður hér gefin lausleg umsögn, sem að mestu einskorðast við það sem snýr beint að hagsmunum bænda og landeigenda.

Það er einkum tvennt að mati BÍ, sem horfir til bóta í þessu frumvarpi miðað við frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

1. Það er ótvírætt skv. þessu frumvarpi, að foræði yfir því hvort náttúruauðlindir í eignarlöndum verði rannsakaðar og nýttar er hjá hlutaðeigandi landeiganda, sbr. 3. og 6. grein frumvarpsins, en skv. fyrra frumvarpinu átti Orkustofnun að hafa rétt til að úthluta rannsóknar- og nýtingarleyfum, jafnvel gegn vilja landeiganda. Þetta er grundvallar réttarbót.
2. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er ekki gerð breyting á 8. grein gildandi laga, sem undanskilur rannsóknir og nýtingu á jarðefnum s.s. jarðvegi grjóti, möl og gosefnum ákvæðum um leyfisveitingu, en hið fyrra frumvarp mátti skilja svo, að bóndi mætti hvorki brjóta land né nýta malarnámu án leyfis Orkustofnunar, til viðbótar öðrum leyfum.

Að þessu sögðu, skulu nú gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**2. grein:**

- a) Skilgreiningin á “búspörfum” er of þröng. Það er úr takt við nútímabúskap að tengja búsparfir eingöngu við kvikfjárrækt. Lagt er til að skilgreiningin miðist við hugtakið landbúnað, eins og það er skilgreint í jarðalögum nr. 81/2004, en þar er skilgreiningin þessi:

*“Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búffjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi”.*

Skilgreining í þessa veru virðist og falla betur að þeirri hugsun, sem fram kemur í 8. grein frumvarpsins og í 14. grein gildandi laga, sem frumvarpið breytir ekki efnislega.

- b) Bændasamtökin hafa áður lagt til, og það skal ítrekað nú, að skilgreining á netlögum verði sú sama og er í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem aftur taka mið af eldri lögum, en þar er skilgreiningin svona:


*“Hafsvæði 115 metra út frá stórstraumsfjöllumáli landareignar eða 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareignin liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum og hölmum og skerjum í sjó og í stöðuvötnum”.*

- c) Skilgreiningarnar í 2. grein eiga að bætast við 2. grein laganna. Vakin er athygli á því, að “jarðefni” eru skilgreind í 2. grein laganna. Ætlunin er að breyta henni en ekki bæta annarri við.

**8. grein:** Hér vísast til þess er áður sagði um skilgreiningu á búspörfum. E.t.v. nær orðið “iðja” yfir allt það sem bóndi eða jarðeigandi getur tekið sér fyrir hendur til atvinnusköpunar á jörð sinni, en það þarf að vera skýrt að sú nýting, sem hér er kveðið á um, taki einnig til starfsemi s.s. hvers kyns ferðaþjónustu. Þar getur t.d. komið til upphitun hótels, sundlaugar og heitra potta, svo eitthvað sé nefnt, en fellur engan veginn undir heimilisþarfir. Hliðstæð athugasemd á við um 14. grein gildandi laga.

**25. grein:** Hér er á ferðinni lítt skilgreind gjaldtökuheimild til handa Orkustofnun. Nefndin þarf að skoða forsendur þessar gjaldtöku, hvað felst í þessu eftirliti, og hvort ekki er nauðsynlegt að setja einhverjar viðmiðanir varðandi umfang þeirra verkefna sem gjaldlögð eru. Þá er vakin athygli á formgalla í þessari grein, þar sem ekki er vísað til greinar í gildandi lögum eða viðbótar við þau.

Virðingarfyllst,  
f.h) Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson